



ERINDISBRÉF SAMRÁÐSHÓPS UM MÁLEFNI ÍBÚA AF ERLENDUM UPPRUNA

Ábyrgðaraðili:

Velferðar- og mannréttindaráð.

Markmið og forsendur:

Markmið með stofnun samráðshóps um málefni íbúa af erlendum uppruna er að auka áhrif íbúa af erlendum uppruna á þróun, skipulag og framkvæmd þjónustu við þá og önnur hagsmunamál þeirra á forræði sveitarfélagsins.

Hlutverk og helstu verkefni:

- Að vera bæjarstjórn og ráðum Akraneskaupstaðar til ráðgjafar í málefnum íbúa af erlendum uppruna.
- Að gera tillögur að breytingum á þjónustu sveitarfélagsins og stefnu í málefnum íbúa af erlendum uppruna.
- Að hafa samráð við hagsmunasamtök og íbúa í sveitarfélaginu um málefni íbúa af erlendum uppruna.

Skipan samráðshóps

Velferðar- og mannréttindaráð skal skipa fimm fulltrúa og þrjá til vara, sem allir skulu vera af erlendum uppruna og eiga lögheimili á Akranesi. Leitast skal við að bakgrunnur fulltrúa sé sem fjölbreyttastur og að fjölmennustu hópar innflytjenda á Akranesi eigi sinn fulltrúa.

Fulltrúar í starfshópi:

Tilnefndir af Velferðar- og mannréttindaráði

Verklag

Samráðshópurinn skal að jafnaði funda á fjögurra mánaða fresti. Á fundum samráðshópsins skulu ritaðar fundargerðir, þar sem fram koma helstu ákvarðanir, verkefni sem unnin skulu á milli funda og annað það sem máli skiptir fyrir störf hópsins.

Ráð og nefndir Akraneskaupstaðar skulu leita umsagnar samráðshópsins um mál sem varða sérstaklega hagsmuni íbúa af erlendum uppruna í sveitarfélaginu. Samráðshópurinn getur einnig tekið upp mál að eigin frumkvæði og sent ályktanir eða erindi til viðkomandi ráðs eða nefndar.

Samráðshópurinn getur kallað til þá starfsmenn sveitarfélagsins eða sérfræðinga sem hann telur nauðsynlegt hverju sinni. Áður en lagt er út í kostnað við kaup á þjónustu sérfræðings skal kostnaðarmat lagt fyrir bæjarstjóra til samþykktar.

Fundargerðir skulu kynntar velferðar- og mannréttindaráði.



Seta í samráðshópi íbúa af erlendum uppruna er ólaunuð.

Starfsmaður:

Sviðsstjóri Velferðar- og mannréttindasviðs eða starfsmaður tilnefndur af honum situr fundi starfshópsins með málfrelsi og tillögurétt. Starfsmaður sér um fundarboðun í samráði við formann, fundarritun og eftirfylgni mála.

Starfstími

Starfstími samráðshópsins er fjögur ár. Skipað er í samráðshópinn ári eftir sveitarstjórnarkosningar.

Samþykkt í xxxx þann xxx.

NN,
bæjarstjóri